

Fundargerð stjórnar BÍS 16/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 31. ágúst 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi og Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Starfsyfirlit og og fundargerðir: Starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs og upplýsingaráðs lágu ekki fyrir. Fundargerðir síðustu stjórnarfundar, Úlfjótsvatnsráðs og afmælisársnefndar lagðar fram.
3. Alþjóðamál:
 - a. Samþykkt var að senda allt að tvo fulltrúa á Scout Academy. Umsóknarfrestur til WOSM rennur út 26. september.
 - b. Samþykkt var að senda allt að tvo fulltrúa á Nopolk
 - c. Tveir fulltrúar fara á fund Norrænu samstarfsnefndarinnar í Noregi. Það eru JA og HSG. Íslendingar taka við formennsku nefndarinnar í kjölfar Norræna skátaþingsins í maí á næsta ári. Hugmynd að dagskrá Norræna skátaþingsins á næsta ári var kynnt. Hugmyndir að dagskrá má senda á HSG fyrir næsta stjórnarfund.
 - d. Samþykkt að styrkja þrjá skáta, Liljar Má Þorbjörnsson, Segli, Arnór Bjarka Arnarson, Svönum og Þorbjörgu Petreu Pálsdóttir, Samherjum um kr. 50.000 hvern til að fara á friðarráðstefnu í Saudi Arabíu.
 - e. HSG mun senda punkta frá heimsþingi WAGGGS fyrir næsta stjórnarfund.
4. Flokkun minja: Haft var samband við Karl Rúnar Þórsson, minjanefnd og telur hann verk að flokka gögn skátahreyfingarinnar. Stjórn BÍS samþykki beiðni formanns minjanefndar SSR og formanns ritnefndar sögu Reykjavíkurskáta. HS er falið að finna viðbótarmannskap til að vinna að þessu verki. Mikilvægt er að klára þessa skráningu sem fyrst.
5. Kynningarvika skátastarfs: Skátafélögin eru fyrr á ferðinni en í fyrra. Helgin er vel nýtt hjá skátafélögunum í að kynna starfið. Skátafélögin hafa fengið bæklinga og plaköt. Einnig var sendur póstur með hugmyndum um kynningardag. Birtingaráætlun fyrir skátafélögin verður send á morgun. Áherslan í auglýsingum verður frá fimmtudegi til mánudags. Tvær heilsíðuauglýsingar og útvarpsauglýsingar. Sendur verður kynningarpóstur á póstlista BÍS.
6. Fullorðnir í skátastarfi: Umræða var um fullorðna í skátastarfi. ÓP mun kynna drög að nýrri fræðslubraut BÍS á næsta fundi. Umræðu frestað til næsta fundar.
7. Starfsreglur stjórnar: Umræðu frestað til næsta fundar.
8. Innleiðing skátadagskrárinnar:
 - a. Útgáfumál. Handbók drekaskátaforingja og verkefnahefti drekaskáta eru komnar í hús og hægt er að panta það efni. Útgáfa handbóka sveitaforingja fálka- og dróttskáta og verkefnahefti fyrir sömu aldurstig hefur tafist um tvær vikur. Merkin fyrir drekaskátabækurnar koma eftir helgi.

- b. Það á einungis eftir að heimsækja þrjú skátafélög. Kynningarnar hafa gengið þokkalega. Góð blanda hjá skátafélögunum.
 - c. Næstu skref. Námskeið verður haldið á Úlfjótuvatni um helgina og eru 22 þátttakendur skráðir. Ábendingar hafa komið frá skátafélögunum vegna verðlagningar bókanna og kostnað við námskeið. Stýrihópur innleiðingarinnar mun taka málið til umfjöllunar á næsta fundi sínum.
9. Önnur mál
- a. Beiðni frá Úlfjótsvatnsráði: Beiðni hefur komið frá Úlfjótsvatnsráði til eigenda um tímabundið lán, ef á þarf að halda, vegna framkvæmda á nýjum flötum á Úlfjótuvatni. Stjórn BÍS samþykkir þetta lán fyrir sitt leiti. Lánið verður að hámarki kr. 1.500.000,-.
 - b. Vinnudagur stjórnar og ráða: HS er falið að vinna dagskrá með HGH og senda út fundarboð á stjórn, ráð og vinnuhópa BÍS. Tvær dagsetningar voru á dagatali BÍS og var ákveðið að vinnudagurinn verði 1. október frá kl. 10-18.
 - c. Viðburðir framundan; Forvarnardagurinn verður 3. október. Vika 43 verður í október auk þess er herferðin Bara gras framundan. Stjórn óskar eftir lista með öllum verkefnum sem snúa ekki beint að kjarnastarfssemi skátahreyfingarinnar og hann liggi fyrir á vinnufundi stjórnar, ráða og nefnda.
 - d. Fundur með skátahöfðingja KFUM í Færeyjum: BB og JA hittu skátahöfðingja KFUM í Færeyjum í síðustu viku og ræddu mögulegt samstarf.
 - e. Fundur í forsætisráðuneytinu: BB og HS eiga fund með forsætisráðuneytinu um „Fánann í öndvegi“ í vikunni.
 - f. Fjölmiðlaumfjöllun: Vel hefur tekist að ná til fjölmiðla sl. daga vegna innleiðingar á nýjum starfsgrunni. Einnig var viðtal við skátahöfðingja um Jamboree í „Íslandi í dag“ sl. þriðjudag.
 - g. Skátaping 2012: Skátafélagið Ægisbúar hafa dregið til baka umsókn sína um umsjá Skátapings. JA er falið að ræða við Skátasamband Reykjavíkur.
 - h. LLOS: Rætt var um framtíð verkefnisins. HS kom með tillögu um hvíla verkefnið í ár. Samþykkt. Stjórn vísar erindinu til umfjöllunar hjá fjármálaráði.
 - i. Open Space: Kári Gunnarsson, Kópum bauð fram aðstoð sína í ráðstefnum með aðferðafræði Open Space. HS er falið að kanna málið frekar.
 - j. Land skáta á Þingvöllum: JA hefur verið að vinna að gangaöflun, en því verki er ekki lokið.

Umræður:

Starfsreglur stjórnar: Umræðu frestað.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið 20:30

Fundargerð ritaði JA